



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 11. nóvember 2014
1411011 IE

Efni: Umsögn um frv. til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Með tölvubréfi dags. 24. október 2014 óskaði velferðarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 257. mál, þskj. 295, lþ. 144.

Samkvæmt frumvarpinu á að sameina þrjár stofnanir velferðarráðuneytisins sem sinna þjónustu við fatlað fólk. Markmiðið er að bæta þjónustu og Jafnréttisstofa fagnar öllum breytingum sem bæta þjónustu við fólk, ekki síst fólk sem á einhvern hátt getur talist vera í viðkvæmri stöðu. Nauðsynlegt er að tryggt verði að nægilegt fjármagn til að standa vel að þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru. Einnig þarf að vera tryggt að þjónusta skerðist ekki heldur verði örugglega betri, við þessar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu

Almennt minnir Jafnréttisstofa á það að taka þarf mið af lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (jafnréttislög) við veitingu þjónustu og einnig í tengslum við réttindi og stöðu starfsfólks. Gæta þarf kynjasjónarmiða einnig, sbr. 17. gr. jafnréttislaga.

Jafnréttisstofa minnir á 15. gr. laga jafnréttislaga í sambandi við tilnefningu í hæfisnefnd skv. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Í 15. gr. laganna segir að gæta eigi þess að hafa hlutfall kynjanna sem jafnast þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur